

Atli Harðarson

Að læra að vera frjáls

Það sem John Locke sagði um uppeldi til sjálfstjórnar

Inngangur

Snemma árs 1693 lauk John Locke ritun *Hugleiðinga um menntamál* (*Some Thoughts concerning Education*). Í þeirri bók gefur hann foreldrum ráð um uppeldi ungra herramanna. Eftir því sem Roger Woolhouse segir í ævisögu Lockes vann hann að annarri útgáfu *Ritgerðar um mannlegan skilning* (*Essay concerning Human Understanding*) á sama tíma.¹ Ein mesta breytingin frá fyrstu útgáfu, sem birtist 1689, fólst í því að kafla númer xxi í bók númer II í þessu fjögurra bóka verki var gerbreytt. Þessi kafli, sem er lengsti kafli ritsins, nefnist Um hugmyndina um mátt (Of the Idea of Power). Hann fjallar um frelsi og sjálfstjórn og verður héðan í frá kallaður kafli um sjálfstjórn.

Ritgerð um mannlegan skilning var gefin út alls fimm sinnum áður en Locke lést árið 1704 og í seinni útgáfu hélt hann áfram að breyta kaflanum um sjálfstjórn en þær breytingar voru minni háttar samanborið við breytinguna frá fyrstu til annarrar útgáfu. Gideon Yaffe hefur gert ítarlega grein fyrir þessum breytingum og ástæðum þeirra í bók sinni *Liberty Worth the Name* þar sem hann túlkar og skýrir kenningu Lockes um vald manna yfir gerðum sínum.² Skilningur minn á þessum kafla er að miklu leyti byggður á bók Yaffes.

Fjórum árum síðar, 1697, vann Locke að viðbót við *Ritgerðina* þar sem hann gaf lesendum ráð um hvernig þroska skyldi heilbrigða skilningsgáfu og viðhalda henni.³ Þessi viðbót var gefin út sem sérstök bók að Locke látnum, árið 1706, undir nafninu *Leiðsögn fyrir skilningsgáfuna* (*Of the Conduct of the Understanding*).⁴

1 Woolhouse 2007: 325.

2 Yaffe 2000.

3 Woolhouse 2007: 387.

4 Í því sem á eftir fer verða þessi þrjú rit Lockes kölluð *Ritgerðin*, *Menntamál* og *Skilningsgáfan*.

Kenningin um frelsi sem Locke setti fram í kaflanum um sjálfstjórn í annarri útgáfu *Ritgerðarinnar* var ekki einber hugtakagreining og fjallaði ekki aðeins um hvað tal um frelsi merkir. Henni var líka ætlað að skýra hvernig fólk getur lært að hafa skynsamlega stjórn á sjálfu sér. Án slíkrar sjálfstjórnar er frelsið mönnum einskis virði, eftir því sem Locke segir. Hann bætir því svo við að ekki sé kostur á sönnu frelsi nema menn læri sjálfstjórn, því hafi skynsemin ekki taumhald á manni, þá sé hann of brjáláður til að njóta sín sem frjáls maður.⁵

Menntaheimspekin sem Locke setti fram í *Menntamálum* og *Skilningsgáfunni* snýst að miklu leyti um þá fornu hugsun að enginn geti að sönnu lifað sem frjáls maður án þess að temja sér góðar venjur. Til þess að skilja þessa menntaheimspeki og hvernig skrif Lockes um uppeldi barna koma heim og saman við frjálslyndið, sem hann boðaði í skrifum sínum um stjórnsmál⁶ og trúfrelsi⁷, þarf að lesa það sem hann segir um uppeldis- og menntamál í samhengi við kaflann um sjálfstjórn í annarri útgáfu *Ritgerðarinnar*.

Ef *Menntamálin* eru lesin án hliðsjónar af öðrum skrifum Lockes virðist stefna hans í uppeldismálum snúast meira um aga en frelsi. Það er því skiljanlegt að sumir fræðimenn haldi því fram að hún sé ekki í anda þess frjálslyndis sem Locke er frægur fyrir. Joseph Carrig segir til dæmis að Locke leggi meiri áherslu á að stjórna ungu fólki og temja það en leyfa því að njóta frelisis.⁸ Joel Spring tekur í sama streng í yfirlitsriti um menntaheimspeki frá ýmsum tímum og segir að viðhorf Lockes til barna og uppeldis einkennist af stjórnlyndi og ráðríki fremur en frjálslyndi.⁹ Eins og fram kemur í ágætu yfirliti í nýlegri grein eftir Ritu Koganzon styður fjöldi fræðimanna þessa túlkun og heldur því fram að menntastefna Lockes hafi ekkert með frelsi að gera.¹⁰

Það eitt að barn sé látið afskiptalaust og fái að fara sínu fram öldungis óhindrað tryggir ekki frelsi af því tagi sem Locke talaði fyrir. Skýringar hans á því hvers vegna meira þarf til en tóm afskiptaleysi svo barni lánist að lifa frjálsmannlega er hvorki að finna í *Menntamálunum* né *Skilningsgáfunni*. Þær eru í *Ritgerðinni* og þess vegna er ekki ljóst af skrifum Lockes um menntamál einum og sér hvernig menntastefna hans tengist frjálslyndinu. Það kemur því ekki á óvart að fræðimenn sem skoða það sem Locke segir um menntun í samhengi við önnur skrif hans gera síður lítið úr frjálslyndi hans en þeir sem einblína á það sem hann sagði um uppeldi, nám og kennslu. Einn þessara fræðimanna er Nathan Tarcov. Í bók sinni *Locke's Education for Liberty* segir hann að það að stjórna börnum, eins og Locke mælti með, geti „þegar best lætur búið þau undir skynsamlega sjálfstjórn“. ¹¹ Í bókarlok hefur hann farið yfir helstu atriðin í menntaheimspeki

Allar tilvitnanir í *Ritgerðina* eru þýddar eftir textanum í Locke 1959 og merktar með bók, kafla og grein. Tilvitnanir í *Menntamálum* eru þýddar eftir Locke 1989 og merktar með númeri greinar. Tilvitnanir í *Skilningsgáfunni* eru þýddar eftir Locke 1993a og merktar með númeri greinar.

5 Locke 1959: II:xxi:§51.

6 Locke 1993b.

7 Locke 1983.

8 Carrig 2001: 55.

9 Spring 2008: 161–168.

10 Koganzon 2016.

11 Tarcov 1999: 93.

Lockes og styður þá niðurstöðu að frelsi, hvort sem um er að ræða frelsi undan harðstjórn, hindurvítum eða kennivaldi, krefjist sjálfstjórnar og skynsemi sem fólk öðlast með menntun.¹² Tarcov vísar þó ekki í kaflann um sjálfstjórn í annarri útgáfu *Ritgerðarinnar* til að skýra hvernig mótun og tamning getur fært manni frelsi og hann gerir það ekki heldur í seinni skrifum um efnið sem hann vann í félagi við aðra fræðimenn.¹³ Meðal annarra ritskýrenda, sem halda fram svipaðri túlkun og Tarcov og telja að menntastefna Lockes sé í samræmi við áherslu hans á frelsi, má nefna Geoffrey Herman Bantock, John W. Yolton, Hans Aarsleff, Antoniu LoLordo og Alexander Moseley.¹⁴ Þessir fræðimenn skýra þó lítt eða ekki hvernig menntastefna Lockes tengist því sem hann segir um frelsi og sjálfstjórn í *Ritgerðinni*. Það sama má segja um þá sem fjalla um heimspeki hans frá ýmsum hliðum í tveim viðamiklum greinasöfnum frá Cambridge University Press sem heita *The Cambridge Companion to Locke*¹⁵ og *The Cambridge Companion to Locke's "Essay concerning Human Understanding"*.¹⁶

Þótt lítið finnist af ítarlegum skýringum á sambandinu milli *Ritgerðarinnar* og *Menntamála*na ípra tveir af þeim höfundum sem nefndir hafa verið á tengslum þarna á milli. Annar þeirra er Yolton sem segir að samkvæmt Locke sé börnum gott að læra að láta langanir sínar lúta skynsemi foreldra og kennara. Af umfjöllun hans má skilja að samkvæmt Locke þurfi börn að læra þetta til þess að öðlast þá skynsamlegu sjálfstjórn sem hann taldi nauðsynlega forsendu fyrir því að frelsi yrði þeim einhvers virði.¹⁷ Hinn höfundurinn er LoLordo sem skýrir líka frá því í stuttu máli að menntastefna Lockes tengist kenningum hans um frelsi og sjálfstjórn og segir að samkvæmt Locke þurfi menn menntun og þjálfun til þess að læra að stjórna sér sjálfir.¹⁸ Ítarlegasta greinargerðin fyrir þessum tengslum sem ég hef fundið er í greinum eftir tvær bandarískar fræðikonur. Þær eru stjórnsmálafræðingurinn Rita Koganzon og bókmenntafræðingurinn Hina Nazar.¹⁹ Þær rökstyðja báðar að Locke hafi haft margslungnari skilning á því, hvað það er að vera frjáls og stjórna sér sjálfur, heldur en flestir sem andæfa menntastefnu hans á þeim forsendum að hún geri frelsinu ekki nógu hátt undir höfði. Um þessa flóknu mynd Lockes af frelsi og sjálfstjórn má lesa allvíða, til dæmis í grein eftir mig sem birtist í *Hug* og líka í áður nefndum skrifum Yaffes og LoLordo.²⁰

Í því sem hér fer á eftir sækir ég hugmyndir til Koganzon og Nazar og nýti líka áður nefnda túlkun Yaffes á kaflanum um sjálfstjórn til að útskýra hvernig Locke benti á rökleg tengsl milli sjálfstjórnar og menntunar og hvernig það fer saman að uppeldur stjórn barni og að uppeldið færi því frelsi. Einnig skýri ég hvernig hægt er að skilja kenningu Lockes um menntun til sjálfstjórnar sem svar við ráðgátu innan heimspeki menntunar sem kölluð er þverstæða síðferðilegs

12 Tarcov 1999: 210–211.

13 Schmitter, Tarcov og Donner 2003.

14 Bantock 1980a, 1980b, Yolton 1985, 1998, Aarsleff 1994, LoLordo 2012, Moseley 2014.

15 Newman 2007.

16 Chappell 1994.

17 Yolton 1985: 22.

18 LoLordo 2012: 123.

19 Koganzon 2016, Nazar 2017.

20 Yaffe 2000, Atli Harðarson 2004, LoLordo 2012.

uppeldis (e. *the paradox of moral education*). Þessi ráðgáta var sett fram og rædd af Englendingnum R.S. Peters sem átti manna mestan þátt í því að hefja heimspékilega umfjöllun um uppeldi og menntun til vegs og virðingar á seinni hluta síðustu aldar.²¹ Ráðgátan er hvernig það má vera að menn öðlist sjálfstjórn með því að aðrir stjórni þeim. Hún er, eins og Graham Haydon²² hefur gert grein fyrir, ekki eiginleg mótsögn þó Peters hafi kallað hana „paradox“, kannski vegna þess að hún virðist mótsagnakennd í augum þeirra sem halda að sjálfstjórn sé ekkert annað en að geta gert það sem maður sjálfur vill.²³

Skynsamleg sjálfstjórn – 2. útgáfa *Ritgerðarinnar*

Í kaflanum um sjálfstjórn í annarri útgáfu *Ritgerðarinnar* greinir Locke milli frelsis af því tagi sem maður hefur þegar gerðir hans ráðast af hans eigin vilja og *annarri fullkornun* (e. *a second perfection*) sem felst í því að viljinn stjórnist af skynsamlegri hugsun. Í grein númer átta, sem er framarlega í kaflanum, skilgreinir hann frelsi og segir að maður sé frjáls „að svo miklu leyti sem hann hefur mátt til að hugsa eða hugsa ekki og hreyfa sig eða hreyfa sig ekki, eftir því hvað hans eigin hugur tekur fram yfir annað“. Seinna í sömu grein bætir Locke við „að hugmyndin um *frelsi* sé hugmynd um mátt sem gerandi hefur til að framkvæma, eða láta hjá líða að framkvæma, eftir því hvað hugur hans sjálfs hugsar eða ákveður“.²⁴ Í næstu greinum á eftir endurtekur Locke þessa skilgreiningu, skýrir hana og rökstyður. Þeirri umfjöllun lýkur, í 21. grein, á niðurstöðu sem er á þá leið að ekki sé hægt að hugsa sér meira frelsi en það að geta gert það sem maður sjálfur vill.²⁵ Í næstu grein þar á eftir, númer 22, spyr Locke hvort frelsi í þessum skilningi dugi til þess að gera mann að sönnu frjálsum „ef hann hefur ekki sama *frelsi til að vilja* og hann hefur til að *gera það sem hann vill*“.²⁶

Í framhaldi af þessari spurningu veltir Locke fyrir sér hugmyndinni um að maður hafi frjálsum vilja og geti ráðið yfir vilja sínum. Hann bendir á tvær ástæður til að vefengja að þessi hugmynd sé að öllu leyti skynsamleg. Í fyrsta lagi bendir hann á að bæði vilji og frelsi séu hæfileikar sem fólk hefur, svo þegar spurt er hvort viljinn hafi frelsi sé í raun verið að spyrja hvort einn hæfileiki hafi annan hæfileika, eins og hæfileikar manns væru sjálfstæðir gerendur. Í öðru lagi bendir Locke á að ef einstök viljaákvörðun er ekki frjáls nema maður ákveði fyrst af frjálsum vilja að taka einmitt þessa ákvörðun, þá feli hugmyndin um frjálsum ákvörðun í sér vitarunu – fyrir seinni ákvörðunina þarf hana þriðju þar sem maður ákveður að ákvarða vilja sinn með þessum hætti og svo framvegis í það óendanlega eða „*in infinitum*“ eins og Locke orðar það með einni af fremur fáum latínuslettum í *Ritgerðinni*.²⁷ Af

21 Peters 1974.

22 Haydon 2009.

23 Greiningu á skynsamlegri sjálfstjórn sem safni hæfileika af fleiri en einni gerð má finna í grein eftir mig sem birtist í *Hug* 2015.

24 Locke 1959: II:xxi:§8.

25 Locke 1959: II:xxi:§21.

26 Locke 1959: II:xxi:§21.

27 Locke 1959: II:xxi:§23.

Þessu ályktar hann að hugmyndin um frjálstan vilja sé mótsagnakennd, svo þótt manneskja geti verið frjáls geti vilji hennar ekki verið það í neinum bókstaflegum skilningi, enda „felst frelsi í því og því einu að hafa mátt til að gera, eða láta hjá líða að gera eitthvað“.²⁸ Vere Chappell orðar þessa hugsun Lockes með einföldum hætti þar sem hann segir að „frelsi nái aðeins til athafna sem koma á eftir ákvörðunum viljans en ekki til viljaákvörðananna sjálfra“.²⁹

Þrátt fyrir efasemdir um að hægt sé með réttu að tala um frjálstan vilja í bókstaflegri merkingu segir Locke að í slíku tali leynist þó mikilsverð sannindi. Til að átta sig á þessum sannindum ræðir hann hvað það er sem í raun ákvarðar vilja manns og segir að það sé ætíð einhver óróleiki (e. *uneasiness*) og yfirleitt sá sem knýr fastast á hugann þá stundina.³⁰ Með óróleika segist Locke meina hvers kyns líkamlegan sársauka, ókyrrð í huganum og allar langanir, enda, segir hann, er „löngun ekkert annað en óróleiki vegna vöntunar á einhverjum gæðum“.³¹ Ef vilji manns stjórnast alltaf af óróleika sem knýr á hugann, þá getur skynsemin aðeins stjórnad viljanum óbeint með því að hafa áhrif á hvaða óróleiki knýr á og hve fast.

Í fyrstu útgáfu ritgerðarinnar hélt Locke fram allt öðruvísi kenningu um hvað það er sem stjórnar vilja manns og í annarri útgáfunni gerir hann upp við sín fyrri viðhorf þar sem hann segir:

Almennt samkomulag mannkyns virðist hafa gert það viðmið, að það sem er gott, það sem er öðru betra, ráði vilja manns, svo viðtekið, og svo rötgróið, að mig undrar ei að ég hafi gengið að því sem vísu þegar ég fyrst gaf út hugmyndir mínar um þetta efni; og ég ímynda mér að þeir séu afar margir sem þykir það afsakanlegra að ég hafi þá svo gert heldur en það sem ég nú geri þegar ég vík frá svo viðurkenndri skoðun. Samt er það svo, að eftir strangari rannsókn, neyðist ég til að halda fram þeirri niðurstöðu að þótt menn geri sér grein fyrir og viðurkenni hvað er *gott*, hvað er *öðru betra*, ákvarðar það ekki viljann fyrir en löngun eftir því kviknar og gerir okkur órótt vegna þess að okkur vantar það. [...] drykkjumaður skynjar að heilsu hans hrakar, eignir hans eyðast; hneisa og kvillar og skortur á öllum hlutum bíða hans ef hann heldur áfram á sömu braut. En óróleikinn kemur samt aftur yfir hann ef hann hittir ekki féлага sína og vanabundin löngun til að staupa sig dregur hann á krána.³²

Írski heimspekingurinn William Molyneux var samtímamaður Lockes. Hann skildi kenninguna um sjálfstjórn í fyrstu útgáfu *Ritgerðarinnar* svo að Locke héldi fram þeirri þverstæðukenndu skoðun sem oft er eignuð Sókratesi, að sá sem veit hvað er til góðs muni óhjákvæmilega breyta í samræmi við þá vitneskju, með öðrum orðum að slæm breytni stafi alltaf af vanþekkingu. Kenningin í annarri

28 Locke 1959: II:xxi:§24.

29 Chappell 2007: 148.

30 Locke 1959: II:xxi:§31.

31 Locke 1959: II:xxi:§31.

32 Locke 1959: II:xxi:§35.

útgáfu samrýmist hins vegar viðurkenningu á því að menn séu breyskir og geri ýmislegt gegn betri vitund.³³

Í seinni hluta kaflans um sjálfstjórn í annarri útgáfu *Ritgerðarinnar* rökræðir Locke möguleika manna á að láta skynsemin ráða því hvað gerir þeim órótt og hvað ekki. Einkum beinir hann athyglinni að möguleikum hugans á að fresta því að uppfylla langanir sínar. Um þá möguleika segir hann meðal annars:

Í þessu virðist fólgið það sem er (að ég held með óheppilegu orðalagi) kallað *frjáls vilji*. Því, meðan því er frestað að fullnægja löngun, áður en viljinn ákvarðar athöfn, og athöfnin (sem fylgir ákvörðuninni) er framkvæmd, þá gefst tækifæri til að rannsaka, skoða og dæma um hvað gott og hvað illt felst í því sem við erum í þann mund að gera; [...] og það er ekki ágalli á náttúru okkar, heldur fullkomnun, að langa, vilja og breyta í samræmi við lokaniðurstöðu úr heiðarlegri athugun.³⁴

Því fer svo fjarri að þetta hindri eða minnki frelsi okkar, að þetta er þvert á móti það sem bætir það og lætur það orka til góðs; það er ekki skerðing á frelsinu heldur það sem gefur því tilgang og notagildi; því meira sem á vantar að við stjórnnumst með þessum hætti, þeim mun meiri er eynd okkar og ánaud. [...] það er jafn mikil fullkomnun í því fólgin, að löngun og mátturinn til að taka eitt fram yfir annað stjórnist af því hvað gott er, eins og í því að máttur til athafna stjórnist af viljanum; og því öruggari sem þessi stjórnun er, þeim mun meiri er fullkomnunin. Ef við stjórn- uðumst af öðru en lokaniðurstöðu eigin hugar, sem dæmir um hvað gott og hvað illt felst í hverri athöfn, þá værum við ekki frjáls.³⁵

Þótt Locke hafni því að vilji manns sé frjáls í bókstaflegum skilningi, heldur hann fram kenningu um innra frelsi sem kemur í staðinn fyrir frjálstan vilja og talar því um tvenns konar frelsi. Önnur gerðin er í því fólgin að geta gert það sem maður sjálfur vill og hin er í því fólgin að vilji manns stjórnist af hans eigin skynsemin. Til að vera fyllilega frjáls þarf sem sagt tvennt að koma til: að viljinn stjórnir verkunum og að vitið stjórnir viljanum. Locke heldur þó fast við það að stjórn viljans þýði ekki að menn taki ákvörðun að vild um hvað þeir skuli vilja, enda leiðir það til vitarunu. Hún þýðir fremur að menn geti tamið sér venjur sem verða til þess að sá óróleiki sem knýr fastast á leiði til breytni sem er í samræmi við skynsamlegt mat á hvað er til góðs.

Sumt í vangaveltum Lockes um þessi efni er óljóst og torskilið. Það er til dæmi ekki skýrt hvort og hvernig menn geta tekið ákvörðun um að fresta því að láta undan löngun. Samuel C. Rickless telur að Locke hafi álitid hverja frestun vilja- verk sem er knúid fram af einhverjum óróleika.³⁶ Þessi túlkun kemur til greina og hún er leið til að komast hjá þeirri vitarunu sem við blasir ef gert er ráð fyrir

33 Chappell 2007, Magri 2000.

34 Locke 1959: II:xxi:§48.

35 Locke 1959: II:xxi:§49.

36 Rickless 2013.

að um hverja frjálsa ákvörðun viljans þurfi fyrst að ákvarða hvort maður vill taka þá ákvörðun eða einhverja aðra. Með þessu móti verða ekki ótal liðir í rununni heldur aðeins tveir: Löngun og ákvörðun um að fresta því að láta undan henni. LoLordo bendir hins vegar á staði í texta Lockes sem gefa ástæðu til að efast um að hann hafi talið hverja frestun viljaverk.³⁷ Það samrýmist að minnsta kosti flestu sem Locke segir í kaflanum um sjálfstjórn að hægt sé að temja mönnum að staldra við til að hugsa áður en framkvæmt er og sú tannng leiði til þess að þeir geri það af vana án sérstakrar ákvörðunar í hvert sinn. Sumt sem Locke segir í *Skilningsgáfunni* og *Menntamálunum* bendir raunar til þess að hann hafi álitid slíka tannngu færa mönnum sjálfstjórn. Hvernig sem þessu er varið er svo mikið víst að Locke áleit að menn gætu ekki haft stjórn á sjálfum sér nema þeir hefðu mátt til þess að fresta því að láta undan löngunum og öðrum óróleika.

Í stuttu máli er kenning Lockes um stjórn skynseminnar á viljanum sú að slík stjórn sé möguleg vegna þess að:

- Þegar einhver óróleiki knýr á hugann, þá getur maður frestað því að láta undan og notað tímann, meðan fresturinn varir, til að hugsa um hvað hann er að því kominn að gera.
- Umhugsunin getur skapað nýjan óróleika sem knýr fastar á.
- Hafi maður tileinkað sér réttar venjur, þá skapar umhugsunin óróleika sem leiðir til góðrar breyttni.

Það sem hér er lýst í lið c kemur ekki skýrt fram í texta *Ritgerðarinnar* en styðst við það sem Locke segir í *Skilningsgáfunni* og *Menntamálunum*.

Þjálfun hugans – Skilningsgáfan

Í upphafi *Skilningsgáfunnar* segir Locke að mannshugurinn þarfnist þjálfunar og hæfileikar sem „litið er á sem gjafir náttúrunnar séu, þegar grannt er skoðað, til orðnir fyrir æfingu, og rísi í hæðir með endurteknum athöfnum“.³⁸ Skömmu síðar bætir hann í og segir:

Viljir þú fá mann til að rökræða svo vel sé, þá verður þú að venja hann við það í tíma, æfa hug hans í að greina tengsl hugmynda og fylgja þeim einni af annarri. Ekkert er betur til þessa fallið en stærðfræðin. Því hygg ég að hún skuli öllum kennd ef tími og tækifæri gefast, og það til þess að gera þá að skynsemisverum fremur en til þess að gera þá að stærðfræðingum; því þótt við öll köllum okkur svo, því við teljum okkur til þess borin, má með sannni segja að náttúran gefi okkur aðeins sáðkornið; við erum borin til þess að vera skynsemisverur, ef okkur þóknast, en það er notkun og æfing sem gerir okkur slík, og við erum það aðeins í þeim mæli sem iðja og ástundun hafa þokað okkur áleiðis.³⁹

37 LoLordo 2013.

38 Locke 1993a: §4.

39 Locke 1993a: §6.

Í lok bókarinnar tengir Locke það sem hann segir um þörfina fyrir að þjálf hugann við hugsjón sína um sjálfstjórn frjálsra manna. Hann bendir á að þótt oft sé sagt að ekkert sé eins frjálst og hugurinn, þá séu hugsanirnar oft mjög óstýrilátar.

Menn vita hvers virði það er að líkaminn fari frjáls ferða sinna og sætta sig því ekki sjálfviljugir við fjöttra og hlekki. En þó er fangavist hugans enn verri, og því skyldum við kappkosta að gera okkar ýtrasta til að varðveita frelsi þessa hins betri helmings okkar.⁴⁰

Samkvæmt túlkun Yaffes á kaflanum um sjálfstjórn í *Ritgerðinni* njóta menn ekki fullkomins frelsis nema vilji þeirra velti á hlutlægum sannindum um hvað best sé að gera. Maðurinn er samkvæmt þessu frjálsastur þegar breyttni hans stjórnast af gildum sem eru óháð duttlungum hugans. „Möguleikinn á að gefa sig á vald einhverju sem er utan manns sjálfs og æðra manni sjálfum er þannig lykilþáttur í sjálfræði manna.“⁴¹ Það má líka orða þetta svo að Locke hafi talið að skynsamleg sjálfstjórn krefðist hæfileika til að láta vilja sinn stjórnast af þekkingu og skynsamlegum rökum. Eins og tilvitnanirnar í *Skilningsgáfunna* hér að ofan sýna áleit hann að slíkir hæfileikar væru ekki meðfæddir heldur öðluðust menn þá með æfingu eða menntun. Væntanlega áleit hann að til viðbótar við hæfnina til að fresta því að láta undan löngun þyrftu menn hæfni til að komast að skynsamlegum niðurstöðum. Það er til lítills að staldra við til að hugsa nema eitthvert vit sé í hugsuninni.

Góðar venjur – Menntamálin

Í *Menntamálunum* gefur Locke foreldrum ráð um uppeldishætti og námskrá sem miða einkum að því að innræta börnum gott siðferði og temja þeim skynsamlega sjálfstjórn. Hann leggur sérstaka áherslu á að meðan börnin eru enn ung og auðmótanleg skuli hugur þeirra látinn hlýða skynseminni.⁴² Þetta segir hann mikilvægt vegna þess að fólk sem „ekki venst á það *á unga aldri* að láta vilja sinn lúta skynsemi annarra mun tæpast hlýða sinni eigin skynsemi þegar það kemst á þann aldur að hennar njóti við“.⁴³

Þótt *Menntamálin* fjalli ekki sérstaklega um hæfni til að fresta því að láta undan löngun sinni er, eins og LoLordo bendir á, ljóst að Locke taldi slíka hæfni mikilvægasta markmiðið með menntun.⁴⁴ Þessi áhersla á að uppeldi og lærdómur miði einkum að því að venja börn við að láta skynsemi stjórna vilja sínum birtist víða í bókinni, til dæmis þar sem segir:

40 Locke 1993a: §43.

41 Yaffe 2000: 119.

42 Locke 1989: §33–34.

43 Locke 1989: §36.

44 LoLordo 2012: 123.

Sá sem eigi hefur vald yfir hneigðum sínum, sá sem veit ei hvernig má standa gegn ágengum kröfum þess sem veldur ánægju eða kvöl hér og nú og gera heldur það sem skynsemin segir að sé við hæfi að gera, hann vantar hina sönnu forsendu dygðar og iðjusemi; og hætt er við að hann verði einskis nýtur.⁴⁵

Þegar þetta er lesið í ljósi þess sem segir um sjálfstjórn í *Ritgerðinni* virðist ljóst að Locke taldi rétt að stjórna börnum, móta þau og temja til þess að þau yrðu frjáls í fyllsta máta. Ef uppeldi af því tagi sem hann mælir með heppnast, mun breytni barnanna á endanum ekki aðeins stjórnast af þeirra eigin vilja heldur af vilja sem stjórnast af þeirra eigin skynsemi.⁴⁶ Þetta krefst, að mati Lockes, uppeldis þar sem foreldrar eða kennarar temja börnum réttar venjur.

Eins og John Passmore hefur bent á töldu flestir kristnir heimspekingar fyrir daga Lockes að sönn dygð byggðist á öðru en venjum og félagsmótun.⁴⁷ Hvað þetta varðar stendur Locke nær Aristótelesi sem einnig leit svo á að dygðir mót- uðust sem venjur. Locke er líka í liði með Aristótelesi þar sem hann telur það þroskavænlegt að láta sér annt um orðspor sitt og heiður (og sú áhersla kemur svo sem líka fyrir í kristilegum siðabodskap eins og til dæmis Heilræðavísium Hallgríms Péturssonar þar sem ungu fólki er ráðlagt að: „Hugsa um það helzt og fremst, sem heiðurinn má næra“⁴⁸). Um þetta segir Locke í *Menntamálu* að uppalandi skyldi innræta börnum að láta sér annt um sæmd sína og kenna þeim að forðast hvaðeina sem er skammarlegt.⁴⁹ Hann endurtækur þetta í bókarlok þar sem hann dregur saman mikilvægustu ráð sín varðandi siðferðilegt uppeldi:

Kenndu honum að hafa vald yfir eigin hneigðum, og láta girndir sínar lúta skynseminni. Þegar þetta er fengið, og með sífelldri ástundun orðið að föstum vana, þá er erfiðasta hluta verksins lokið. Til að koma þessu til leiðar hjá ungum manni, gagnast ekkert sem mér er kunnugt um eins vel og ást á hrósi og viðurkenningu, og skyldi honum því innrætt slík ást með allri þeirri kænsku sem hægt er að hugsa sér. Gerðu hug hans svo næman fyrir heiðri og skömm sem vera má: Og þegar þú hefur gert það, þá hefur þú komið fyrir í honum forsendu sem mun hafa áhrif á breytni hans, eins þegar þú ert hvergi nærri, og hræðslan við dálítinn verk undan vandarhöggum mun ekki hafa nein sambærileg áhrif. Þetta er sá rétti stofn sem síðar má á græða hinar sönnu forsendur siðferðis og trúar.⁵⁰

Með hliðsjón af því sem Locke segir um frelsi og sjálfstjórn í *Ritgerðinni* má ætla að það sem hann segir um skömm og heiður í *Menntamálu* styðjist við rök sem eru eitthvað á þessa leið:

45 Locke 1989: §45.

46 Locke 1959: II:xxi:§73.

47 Passmore 1970: 162.

48 Hallgrímur Pétursson 1931: 199.

49 Locke 1989: §56.

50 Locke 1989: §200.

- Ef einhver óróleiki knýr á vilja manns svo hann hneigist til að kjósa ranga breytni
- þá mun umhugsun skapa nýjan óróleika, sem knýr fastar á, með þeim afleiðingum að hann hneigist til að kjósa rétta breytni
- svo fremi hann hafi þekkingu til að átta sig á aðstæðum og hafi vanist á að sækjast eftir heiðri og forðast skömm.

Locke segir ekki að þetta eitt og sér dugi til að færa fólki skynsamlega sjálfstjórn og hann segir heldur ekki að dygðir manna nái fullum þroska með því einu að þeir stjórnast af heiðri og skömm. Eins og fram kemur í niðurlagi tilvitnunarinnar telur hann að þetta sé stofn sem hægt er að græða á „hinar sönnu forsendur siðferðis“. Það má því ætla að hann hafi talið þá sem hirða um skömm og heiður á réttari leið til þroska þótt þeir væru ekki endilega fullnuma í góðu siðferði. Marta Jimenez⁵¹ eignar Aristótelesi nokkurn veginn þessa sömu hugsun í doktorsritgerð sinni sem fjallar um hvernig það að kunna að skammast sín gegnir lykkihlutverki í umfjöllun hans um siðferðilegan þroska.

Við getum fallist á allt það sem Aristóteles og Locke segja um skömm og heiður og samt álitid að sumir sem láta sér annt um heiður sinn lagi breytni sína gagnrýnislaust að ríkjandi almenningsálit. Þeir töldu hvorugur að menn yrðu fullþroska með því einu að semja sig að því sem aðrir telja sómasamlegt. Samkvæmt Locke er það gott fyrir börn að hirða um heiður og skömm, því það venur þau á að hugsa áður en þau framkvæma – fresta því að láta þann óróleika sem knýr á stjórn gerðum sínum og nota frestinn til ígrundunar. Sú venja að hirða um heiður og skömm styður þannig við skynsamlega sjálfstjórn vegna þess að hún fær fólk til að hika við að láta umhugsunarlaust undan löngun sinni og það er þetta hik sem gefur skynsamlegri hugsun möguleika á að hafa áhrif á viljann.

Í *Menntamálu* ráðleggur Locke ekki aðeins að börnum séu innrættar venjur sem styðja við rétta breytni og gera skynsamlega sjálfstjórn mögulega. Hann lýsir líka námskrá sem samanstendur af svipuðum greinum og kenndar eru í flestum skólum fyrir börn og unglinga nú á seinni öldum.⁵² Námsgreinarnar sem Locke mælti einkum með eru lestur, skrift, reikningur, náttúrufræði, samfélagsfræði, bókfærsla, landafræði, saga, erlent nútímamál, latína, siðfræði og kristin fræði, dans, jarðrækt, smíði og teikning. Sumum þessum fögum sagðist Locke mæla með vegna þess að þau hefðu beint nytjagildi. En sum þeirra, einkum stærðfræðina, taldi hann til þess fallin að þjálfa hugann og stuðla að því að menn réðu ráðum sínum með skynsamlegum hætti. Einnig taldi hann sum fögin gagnast til að gera börn vönd að virðingu sinni og innræta þeim stolt af því tagi sem menn þurfa að hafa til að hirða með réttum hætti um skömm og heiður. Í samræmi við þessa áherslu mælti Locke með því að fullorðnir kæmu fram við börn sem skynsemisverur fremur en óvita:

Það vekur ef til vill undrun að ég skuli nefna rökræður við börn: Þó hlýt ég að álíta rökræður réttu leiðina til að eiga við þau. Þau skilja rök um

51 Jimenez 2011.

52 Atli Harðarson 2011.

leið og þau ná valdi á tungumálinu og skjátlist mér ekki, líkar þeim vel að komið sé fram við þau sem skynsemisverur, og það fyrr en haldið er. Rétt er að láta sér annt um slíkt stolt hjá þeim ...⁵³

Námskráin sem Locke mælti með átti einkum að stuðla að góðu siðferði. En hann leit svo á að siðferðilegt uppeldi þyrfti á því að halda að komið væri fram við börn sem skynsemisverur og stakk upp á að það yrði gert með því að kenna námsgreinar þar sem tækifæri gæfust til að rökræða við þau. Svo virðist raunar sem stór hluti af námskránni sem Locke lýsti ætti að þjóna tvenns konar tilgangi í senn: Annars vegar að venja börn á að fresta því að láta undan löngunum og ýta undir að slík frestun verði vani hjá þeim með því að kenna þeim að láta sér annt um heiður sinn; hins vegar að færa þeim þekkingu og þjálfu þau í skynsamlegri hugsun svo þau komist að réttum niðurstöðum um hvað er í raun til sóma og hvað til skammar.

Eins og nefnt hefur verið minnir sumt af því sem Locke segir um forsendur siðferðis og sjálfstjórnar á siðfræði Aristótelesar sem fjallaði um nauðsyn þess að innræta ungu fólki góðar venjur í byrjun annarrar bókar í *Siðfræði Nikomakkos-ar*.⁵⁴ Skrif Lockes um þetta efni eru líka undanfari hugmynda og kenninga innan menntaheimspeki sem fram hafa komið á seinni tímum, meðal annars hjá John Dewey.

Dewey lagði, með svipuðum hætti og Locke, áherslu á menntun til sjálfstjórnar og sú áhersla birtist víða í skrifum hans⁵⁵, til dæmis í *Experience and Education* frá 1938. Í íslenskrí þýðingu Gunnars Ragnarssonar heitir sú bók *Reynsla og menntun*. Þótt Dewey nefni Locke ekki á nafn minnir það sem hann segir um menntun og sjálfstjórn í þeirri bók mjög á þær kenningar sem hér hafa verið reifaðar og Locke skýrði og rökstuddi í miklu meiri smáatriðum. Dewey segir til dæmis að sjálfstjórn sé nátengd því að staldra við til að hugsa og bætir við:

Hið háleita markmið skólstarfs er að skapa hæfni til sjálfstjórnar. En það eitt að fjarlægja ytra taumhald er engin trygging fyrir því að það markmið náist ... Það kann að vera tap frekar en ávinningur að losna undan stjórn annarrar manneskju til þess eins að komast að raun um að hegðun manns ræðst af dyntum og duttlungum augnabliksins, þ.e. hún er ofurseld hvötum og hneigðum sem dómgreind og skynsemi hafa ekki átt neinn þátt í að móta. Þegar hegðun einstaklingsins er stjórnað með þessum hætti lifir hann aðeins í ímynduðu frelsi. Í raun og veru er honum stjórnað af öflum sem hann hefur alls ekki á valdi sínu.⁵⁶

Eins og nefnt var í inngangi þessarar greinar tengist umfjöllun Lockes um frelsi og sjálfstjórn líka skrifum R.S. Peters, helsta menntaheimspekings Breta á seinni hluta síðustu aldar, um það sem hann kallaði þverstæðu siðferðilegs uppeldis.

53 Locke 1989: §81.

54 Aristóteles 1995: 1103b–1104b.

55 Atli Harðarson 2016.

56 Dewey 2000: 74–75.

Þverstæða siðferðilegs uppeldis – lokaorð

Vandamálið sem Peters (1974) reifaði felst í því að skýra hvernig það má vera að uppeldi sem aðrir stjórna leiði til sjálfstjórnar eða, svo notað sé orðalag Peters, „hvernig börn komast inn í höll skynseminnar ef leiðin þangað liggur um garð venju og siðar“.⁵⁷ Kristján Kristjánsson hefur fjallað um þessa ráðgátu og komist að þeirri niðurstöðu að allar kenningar um siðferðisþroska sem sverja sig í ætt við siðfræði Aristótelesar standi frammi fyrir sama vanda og Peters reifaði.⁵⁸ Þótt Aristóteles hafi lýst getu manns til að láta stjórnast af eigin skynsemi svo, að hún yrði ekki til nema aðrir stjórnuðu honum framan af ævi og innrættu honum réttar venjur, útskýrði hann ekki hvernig menn öðluðust skynsamlega sjálfstjórn við það að vera stjórnað af öðrum – hvernig ósjálfstæði gæti alið af sér sjálfstæði. Kristján Kristjánsson sem manna mest hefur ritað um siðferðilegt uppeldi í anda Aristótelesar segir að þótt við vitum að þetta gerist með einhverjum hætti, vanti ítarlega greinargerð fyrir því hvernig þetta gerist og þeir eftirmenn Aristótelesar sem fjalla um siðferðilegt uppeldi hafi lítið gert til að fylla í þessa eyðu í kenningum hans.⁵⁹

Hvorki Peters né Kristján nefna Locke í þessu sambandi. Hann er þó líklega sá heimspekingur sem hefur fjallað um efnið af mestri skarpskyggni. Kenning hans um venjur sem gera mönnum mögulegt að ná skynsamlegri stjórn á eigin vilja er að minnsta kosti athyglisverð tilgáta um mögulega lausn á umræddu vandamáli. Hún samrýmist vel aristótelískri dygdasiðfræði af því tagi sem mest ber á nú um stundir í skrifum um siðferðilegt uppeldi og Kristján Kristjánsson fjallar um í bókum sínum⁶⁰ enda átti Locke að mörgu leyti samleið með Aristótelesi eins og Leibniz benti raunar á fljótlega eftir að *Ritgerðin* kom út.⁶¹

Nokkrum árum áður en Locke lauk þeim þrem verkum sem hér hefur verið fjallað um – annarri útgáfu *Ritgerðarinnar*, *Skilningsgáfunni* og *Menntamálanum* – skrifaði hann *Tvær ritgerðir um ríkisvald* (*Two Treatises of Government*). Í því verki fjallaði hann meðal annars um náttúrulegt frelsi mannsins og segir að það feli í sér að „vera frjáls undan öllum jarðneskum yfirvöldum“.⁶² Hann gerir samt ráð fyrir að börn lúti stjórn foreldra sinna sem „hafa viss yfirráð yfir þeim er þau koma í heiminn og um nokkurt skeið á eftir“.⁶³

Þannig erum vér *borin frjáls* eins og vér erum viti borin, þó svo að vér njótum hvorugs frá fæðingu, heldur veitist oss það hvort tveggja með aldrinum. Vér getum því vel séð hvernig *náttúrulegt frelsi* samrýmist *undirgefni við foreldra* ...⁶⁴

57 Peters 1974: 272.

58 Kristján Kristjánsson 2007: 31–47.

59 Kristján Kristjánsson 2013: 277.

60 Kristján Kristjánsson 2007, 2013, 2015, 2018.

61 Leibniz 1981: 47.

62 Locke 1993b: §22.

63 Locke 1993b: §55.

64 Locke 1993b: §61.

Þótt Locke breytti kaflanum um sjálfstjórn í *Ritgerðinni* skipti hann ekki um skoðun hvað þetta varðar. Hann hélt sig við að fólk þyrfti að byrja ævina undir forræði fullorðinna. Þetta forræði átti þó ekki að vera nein harðstjórn enda mælti Locke gegn refsingum og ströngum aga í *Menntamálunum* og taldi illt eitt hljótast af flengingum og barsmiðum. En það var ekki vegna þess að hann teldi börn geta ráðið sér sjálf, heldur vegna þess að hann áleit að „þrælslegur agi mundi ala af sér þrælslegt lundarfar“⁶⁵ og brjóta niður stolt barna og sjálfsvirðingu sem stuðlaði að því að þau létu sér annat um heiður sinn.

Hugsjónin um sjálfstjórn frjálsra manna er gegnumgangandi í ritum Lockes og gefur heimspökilegum vangaveltum hans um sundurleit efni heildarsvip sem birtist hvort heldur umfjöllunarefnið er þekkingarfræði, frumspeki, siðfræði, menntun, stjórnmal eða trúarbrögð. En hugmyndir Lockes um frelsi taka allar lit af hluthyggju hans um siðferðileg gildi og mannlega farsæld.

Í *Bréfi um trúfrelsi* (*Letter concerning Toleration*) rökstyður Locke að rétt sé að hver maður fái sjálfur að leita sannleikans í trúarefnum. Slíkur sjálfstjórnar-réttur leyfir fólki vissulega að gera mistök og komast að röngum niðurstöðum – enda taldi Locke að til væri sannleikur um trúarleg efni og hann áleit líka að sannar skoðanir væru betri en ósannar. Það er í anda hluthyggju hans að telja mönnum fyrir bestu að skoðanir þeirra ráðist af því hvað er satt í raun og veru. En hann vildi verja hluthyggju án forræðishyggju og gera hvern mann að sjálfstæðum leitanda sem ber sjálfur ábyrgð á að finna hverju er réttast að trúa og hvað er best að gera. Menntunin sem hann mælti með í *Menntamálum* átti að gera barn að frjálsum manni sem gæti stjórnað sér sjálfur. Slík sjálfstjórn felst í því að hafa annan fullkomleika til viðbótar við getuna til að láta athafnir sínar ráðast af eigin vilja. Þessi fullkomleiki gerir mönnum mögulegt að láta vilja sinn ráðast af hlutlægum sannindum um gott og illt, rétt og rangt. Hugsjón Lockes um sjálfstjórn var því ekki hugsjón um sjálfstjórningu, sjálfshafningu og sjálfhverft gildismat heldur um möguleika manna á að sigrast á sjálfum sér.⁶⁶

Locke var frjálslyndur og andæfði því, sem var almennt haft fyrir satt um hans daga, að þeir sem vissu betur ættu að hafa vit fyrir almúgamönnum, einkum í trúarefnum. Þetta frjálslyndi studdist við þekkingarfræðina sem er meginefni *Ritgerðarinnar*. Þessi þekkingarfræði er að nokkru í anda efahyggju⁶⁷ og hún leggur áherslu á að þekking manna sé takmörkuð og flest af því sem fólk telur sig vita sé langt frá því að vera hafid yfir efa og grun. Undir lok *Ritgerðarinnar* tengir Locke raunar saman efahyggjuna og frjálslyndið og segir að þess sé enginn raunhæfur kostur að finna menn sem eru þess umkomnir að hafa vit fyrir öðrum og því sé best að hver noti eigin gáfur.

Sú nauðsyn að trúa ýmsu sem við ekki vitum, og það oft með veigalitlum rökum, í okkar hvíkula tilstandi athafna og blindni, ætti fremur að auka ástundun okkar og alúð við að upplýsa okkur sjálf en við að setja öðr-

65 Locke 1989: §50.

66 Yaffe 2000: 70–74.

67 Atli Harðarson 2009: 43–51.

um skorður. Í hið minnsta ættu þeir, sem eigi hafa rýnt til botns í eigin skoðanir, að viðurkenna að þeir séu ófærir um að gefa öðrum forskrift; og að það sé ósanngjarnt af þeim að skipa öðrum að hafa eitthvað það fyrir satt, sem þeir sjálfir hafa eigi rannsakað og eigi heldur vegið öll rök og líkindi sem máli skipta um það hvort skoðunin skuli samþykkt eða henni hafnað. Þeir sem hafa með sanni og rétti rannsakað mál, og komist að öldungis vafalausum niðurstöðum um þær kennisetningar sem þeir játa og stjórnast af, þeir munu hafa réttmætari ástæður til að krefjast þess að annað fólk fylgi sér að málum: En slíkir menn eru svo fáir, og þeir sjá svo litla ástæðu til halda skoðunum sínum fram af ráðriki að frá þeim er hvorki yfirgangs né ofríkis að vænta: ætla má að ef menn væru sjálfir betur að sér, þá mundu þeir síður þvinga skoðunum sínum upp á aðra.⁶⁸

Af þessum orðum má ráða að Locke hafi talið að þeir sem helst gætu haft vit fyrir öðrum væru sjálfir of minnugir sinna mannlegu takmarkana til að reyna neitt slíkt og þeir sem hefðu mestan áhuga á að ráðskast með annað fólk væru síst færir um að veita skynsamlega leiðsögn. Úrdráttur er stílbragð sem kemur víða fyrir í ritum Lockes. Þegar honum er mikið niðri fyrir fullyrðir hann gjarna minna en efni standa til. Þegar hann segir hér að þeir sem hafa „komist að öldungis vafalausum niðurstöðum“ séu „svo fáir“ á hann að öllum líkindum við að slíkir menn séu hvergi til.

Heimildir

- Aarsleff, H. 1994. Locke's influence. *The Cambridge Companion to Locke* (bls. 252–289). Ritstj. Chappell. Cambridge: Cambridge University Press.
- Aristóteles. 1995. *Siðfræði Nikomakkosar*. Þýð. Svavar Hrafn Svavarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Atli Harðarson. 2004. Frelsi sem dygd og frjálsmannleg samfélagsskipan: Samanburður á Spinoza og Locke. *Hugur* 16, 219–234.
- Atli Harðarson. 2009. *Í sátt við óvissuna*. Reykjavík: Heimspökistofnun Háskóla Íslands.
- Atli Harðarson. 2011. Húmanisminn, upplýsingin og íslenska stúdentsprófið. *Skírtnir* 185(1), 123–144.
- Atli Harðarson. 2015. Skynsamleg sjálfstjórn. *Hugur* 27, 106–122.
- Atli Harðarson. 2016. Lýðræði og menntun: Hugleiðing um aldargamla bók. *Netla – Vefitímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/01_ryn_arsrit.pdf
- Bantock, G.H. 1980a. *Studies in the History of Educational Theory: Volume 1, Artifice & Nature 1350–1765*. London: George Allen & Unwin.
- Bantock, G.H. 1980b. *Dilemmas of the Curriculum*. Oxford: Martin Robertson & Co.
- Carrig, J. 2001. Liberal Impediments to Liberal Education: The Assent to Locke. *The Review of Politics* 63(1), 41–76.
- Chappell, V. (ritstj.) 1994. *The Cambridge Companion to Locke*. Cambridge: Cambridge University Press.

68 Locke 1959: IV:xvi:§4.

- Chappell, V. 2007. Power in Locke's *Essay*. *The Cambridge Companion to Locke's "Essay concerning Human Understanding"* (bls. 130–156). Ritsstj. L. Newman. Cambridge: Cambridge University Press.
- Dewey, J. 2000. *Reynsla og menntun*. Þýð. Gunnar Ragnarsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Hallgrímur Pétursson. 1931. *Andlegir sálmar og kvæði*. Reykjavík: Prentsmiðja Jóns Helgasonar.
- Haydon, G. 2009. Reason and Virtues: The Paradox of R.S. Peters on Moral Education. *Journal of Philosophy of Education* 43, 173–188.
- Jimenez, M. 2011. The Virtues of Shame: Aristotle on the Positive Role of Shame in Moral Development (doktorsritgerð við University of Toronto). Sótt 29.11. 2018 af https://tspace.library.utoronto.ca/bitstream/1807/29765/3/Jimenez_Marta_201106_PhD_thesis.pdf
- Koganzon, R. 2016. "Contesting the Empire of Habit": Habituation and Liberty in Lockean Education. *American Political Science Review* 110(3), 547–558.
- Kristján Kristjánsson. 2007. *Aristotle, Emotions, and Education*. Aldershot: Ashgate.
- Kristján Kristjánsson. 2013. Ten Myths About Character, Virtue and Virtue Education – Plus Three Well-Founded Misgivings. *British Journal of Educational Studies* 61(3), 269–287.
- Kristján Kristjánsson. 2015. *Aristotelian Character Education*. New York, NY: Routledge.
- Kristján Kristjánsson. 2018. *Virtuous Emotions*. Oxford: Oxford University Press.
- Leibniz, G.W. 1981. *New Essays on Human Understanding*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Locke, J. 1959. *An Essay concerning Human Understanding*. New York, NY: Dover Publications.
- Locke, J. 1983. *A Letter concerning Toleration*. Indianapolis, IN: Hackett Publishing Company.
- Locke, J. 1989. *Some Thoughts concerning Education*. Oxford: Clarendon Press.
- Locke, J. 1993a. *Of the Conduct of the Understanding*. Bristol: Thoemmes Press.
- Locke, J. 1993b. *Ritgerð um ríkisvald*. Þýð. Atli Harðarson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- LoLordo, A. 2012. *Locke's Moral Man*. Oxford: Oxford University Press.
- LoLordo, A. 2013. Reply to Rickless. *Locke Studies* 13, 55–64.
- Magri, T. 2000. Locke, Suspension of Desire, and the Remote Good. *British Journal for the History of Philosophy* 8(1), 55–70.
- Moseley, A. 2014. *John Locke*. London: Bloomsbury Academic.
- Nazar, H. 2017. Locke, Education, and "Disciplinary Liberalism". *The Review of Politics*, 79(2), 215–238.
- Newman, L. (ritstj.). 2007. *The Cambridge Companion to Locke's "Essay concerning Human Understanding"*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Passmore, J. 1970. *The Perfectibility of Man*. New York, NY: Charles Scribner's sons.
- Peters, R.S. 1974. *Psychology and Ethical Development*. London: George Allen & Unwin.
- Rickless, S.C. 2013. Locke on Active Power, Freedom, and Moral Agency, *Locke Studies* 13, 31–51.
- Schmitter, A.M., Tarcov, N. og Donner, W. 2003. Enlightenment Liberalism. *A Companion to the Philosophy of Education* (bls. 73–93). Ritsstj. R. Curren. Malden, MA: Blackwell.
- Spring, J. 2008. *Wheels in the Head: Educational Philosophies of Authority, Freedom, and*

Culture from Confucianism to Human Rights. New York, NY: Lawrence Erlbaum Associates.

- Tarcov, N. 1999. *Locke's Education for Liberty*. Lanham, MD: Lexington Books.
- Woolhouse, R. 2007. *Locke: A Biography*. New York, NY: Cambridge University Press.
- Yaffe, G. 2000. *Liberty Worth the Name: Locke on Free Agency*. Princeton, NJ: Princeton University Press.
- Yolton, J.W. 1985. *Locke: An Introduction*. Oxford: Basil Blackwell.
- Yolton, J.W. 1998. Locke: Education for virtue. *Philosophers on Education: New Historical Perspectives* (bls. 172–188). Ritsstj. A.O. Rorty. London: Routledge.

Abstract

The main argument of this paper supports the conclusion that John Locke's account of freedom and self-control in the second edition of the *Essay concerning Human Understanding* gives us the key to understanding how his emphasis on habituation and control in *Some Thoughts concerning Education* is consistent with his concern for freedom.

In the *Essay* Locke drew a distinction between the liberty people enjoy provided what they do is determined by their own will, and a second perfection, one that consists in their will being determined by rational argument or deliberation. This second perfection requires autonomy-friendly habits that are instilled through upbringing and adult guidance. The gist of Locke's argument is as follows:

If persons are not properly habituated, then they do not acquire the second perfection.

If persons do not acquire the second perfection, then their will is subject to irrational whims and impulses.

Therefore: If persons are not properly habituated, then their will is subject to irrational whims and impulses.

What Locke wrote about this can be read as a solution to an enigma R.S. Peters described as the paradox of moral education.